

Bakarinn gerðist gæzlumaður í Stjórnarráðinu:

MENN LÆRA BAKSTUR EINS OG FAÐIR VORIÐ

„Nýja ríkisstjórnin er sú sjötta í röðinni síðan ég kom hingað. Ég kom fyrst í tíð Bjarna heitins Benediktssonar. Já, blessaður vertu, mér hefur líkað ljómandi vel við þá alla, ráðherrana sem ég hef kynnt,” sagði Hans Kr. Eyjólfsson, gæzlumaður í Stjórnarráðinu.

Hans átti 75 ára afmæli á mánudaginn og notaði tómarúmið í stjórnarskiptunum til að halda upp á daginn. Í Stjórnarráðinu hefur hann verið í tæp tíu ár, eða frá 21. janúar 1970. Vinnudagarnir hans eru misjafnlega erlissamir. Undanfarnir dagar hafa verið óvenju strangir, vegna stjórnarskiptanna og tíðrar komu stjórnmálamanna og fréttamanna í Stjórnarráðið. Hans hefur verið á þönum: Tekið yfirhafnir gesta og vísað þeim réttar leiðir, ljósritað vísdómsplögg fyrir ráðherra og sitthvað fleira sem starfinu fylgir.

En hvað skyldi Hans hafa fengizt við áður en hann tók að sér gæzlu í húsi forseta vors og ríkisstjórnar?

„Ég var bakari í ein 50 ár. Lærði meðal annars í Kaup-

mannahöfn og vann síðan í Sveinsbakari.

Þetta er erfitt starf og ég var orðinn afskaplega þreyttur undir það síðasta. Það var góð tilbreyting að koma hingað á sínum tíma.”

Grípur þú enn í baksturinn í fristundum?

„Já, ekki get ég neitað því. Fyrir afmælið mitt fékk ég aðstöðu hjá kunningja mínum í bakarii og lagaði kransaköku og bollur. Það er með baksturinn eins og Faðirvorið: Menn læra þetta einu sinni og svo gleymist það aldrei!”


Ætlaðu að þjóna fleiri ríkisstjórnnum?

„Já, þegar menn eru komnir á þennan aldur, þá fer að halla undan fæti. Ég ætla að reyna að vera í þessu á meðan heilsan endist. Hvort ég eigi eftir að fá sjöundu ríkisstjórnina veit ég ekki.”

- ARH

„Mér hefur líkað ljómandi vel við alla ráðherra sem ég hef kynnt í starfinu,” segir Hans Kr. Eyjólfsson, gæzlumaður Stjórnarráðsins. Hann varð 75 ára daginn sem stjórnin hans Benedikts Gröndals fæddist og á örugglega eftir að þjóna fleiri ríkisstjórnnum í framtíðinni. DB-mynd Ragnar Th.

- og svo gleymist þetta aldrei



Erla Stefánsdóttir var með vinsælustu söngkonum landsins fyrir nokkrum árum. Eitt vinsælasta lagið sem hún söng inn á plötu var Lóan er komin. DB-mynd: FAX

Prentverk Odds Björnssonar:

Með söngkonu í afgreiðslunni

Erla Stefánsdóttir söngkona er það fyrsta notalega sem þú sérð þegar þú kemur inn í Prentverk Odds Björnssonar á Akureyri enda vinnur hún þar í afgreiðslunni. Hér er hún sjálf-sagt að skrifa um jólabækur forlagsins, sem verða tíu til tólf talsins að þessu sinni. Reikna má með að jólabækurnar hækki um allt að fimmtíu prósent frá því í fyrra og kosti því í kringum tíu þúsund krónur.

Af væntanlegum bókum frá Prentverki Odds Björnssonar má nefna minningar Jónasar frá Hofdölum, sjálfsævisögu Friðriks Hallgrímssonar frá Úlfstaðakoti, minningar Árna Björnssonar tónskálds, Sumar við sænin eftir Ingibjörgu Sigurðardóttur, bókina Nýja baðstofan eftir Oddnýju Guðmundsdóttur, Blóðbönd eftir Sidney Sheldon og Nálárga eftir Ken Follett. — Nú og ekki má gleyma honum Slouther blessuðum. Jólabókin hans að þessu sinni nefnist Svartigaldur. FAX, Akureyri.

BJARKI ER ALDEILIS EKKI EINN Á FERÐ!



Það var hældur betur glatt á hjalla í diskótekinu H-100 á Akureyri þegar Bjarki Tryggvason söngvari kynnti nýju plötuna sína „Einn á ferð“. Bjarki virtist hinn ánægðasti eins og sjá má á myndinni, en þar er hann að þakka sínum betri helmingi fyrir veittan stuðning. Hann er sko ekki einn á ferð hann Bjarki... FAX, Akureyri.

Images of Iceland



Canon kynnir verk Rafns Hafnfjörð

Það er ekki aðeins að Rafn Hafnfjörð ljósmyndari sýni verk sín á Kjarvalsstöðum þessa dagana. Í miðopnu septemberheftis timarits Canon ljósmyndafyrirtækisins eru birtar myndir eftir Rafn og farið um hann nokkrum orðum.

Í greininni segir meðal annars að Rafn hafi átt myndir í Íslandsdeild heimssýningarinnar í Montreal árið 1967. Með myndum sínum „vill Hafnfjörð opna augu fólksins

fyrir þeirri sérstæðu fegurð sem prýðir Ísland, ekki aðeins með myndum af tignarlegum fjöllum og leiksviðslegum fossum heldur einnig hinum stórkostlegu undrum náttúrunnar,” skrifa Canonmenn um myndir Rafns.

Blað þetta, Canon Chronicle, kemur út í um fimm milljón eintaka upplagi. Því er dreift til flestra landa heimsins, svo að ekki er kynningin á myndlist Rafns nein smásíði.

Á sýningu sinni á Kjarvalsstöðum sýnir Rafn Hafnfjörð 188 ljósmyndir. Þær elztu eru orðnar 25 ára gamlar. Nýjustu myndirnar á sýningunni vann Rafn í haust.

FÓLK